



Sjá nánar á bls. 9-12



Óli bæjó hættur
Fer ósáttur frá starfi bæjarstjóra Seyðisfjarðar.
Telur aðra þurfa að spyrja sig spurninga um
hvort þeir ættu að leita nýrra starfa.

Sjá nánar á bls. 14

austur glugginn

Fréttablað Austurlands

fréttæmt vikublað

20. tbl. - 10. árg. - 2011 - Föstudagur 27. maí Áskriftarverð kr. 1.400 á mánuði - Verð í lausasölu kr. 450 ISSN1670-3561

Mjóisfjörður
Neskaupstaður
Eskifjörður
Reyðarfjörður
Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður

**ÞÚ ERT
Á GÓÐUM
STAÐ**

FJARÐABYGGÐ fjarabyggd.is

SVN

Síldarvinnslan hf

www.svn.is

**Ný og betri afgreiðsla
á Reyðarfirði**

Landflutningar á Reyðarfirði hafa flutt sig um set í stærra og betra húsnæði. Er afgreiðslan opin virka daga frá 9:00-16:00.

Nýja heimilisfangið er:
Landflutningar-Samskip
Nesbraut 10 · 730 Reyðarfjörður
Sími 458 8840
landflutningar@landflutningar.is

**Landflutningar
SAMSKIP**

Vetrarveður á Austurlandi

umfjöllun bls. 6

Meðal efnis:

Brautskráning ME og VA. bls. 13 • Æ fleiri sækja þjónustu
Þróunarfélagsins. bls. 15 • Grunnskólinn á Fáskrúðsfirði skarar
framúr. bls. 16 • Sigrúðu Bólholtsmótið. bls. 20

• Uppskeruhátíð SKÍS. bls. 20 • Hvernig metur maður
gæði? Grein eftir Jónínu Rós. bls. 17 • Kreddur óstjórnar.
Grein eftir Kristján Þór. bls. 19

**Þarftu að ná sambandi
við Bónus?**

Við erum við símann **527 9000** alla virka daga frá kl 09-16 og hægt er að senda okkur fyrirspurnir á bonus@bonus.is

BÓNUS
BÝÐUR BETUR
527 9000
UPPLÝSINGA OG ÞJÓNUSTUSÍMI

Kjarasamningar samþykktir

Pann 5. maí síðastliðinn voru undirritaðir kjarasamningar við Samtök atvinnulífsins. Á miðvikudaginn lauk atkvæðatalningu um aðalkjarasamninga AFLs starfsgreinafélags við Samtök Atvinnulífsins. Allir samningar félagsins voru samþykktir með miklum meirihluta atkvæða. Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður AFLs, segist ánægð með nýgerða aðalkjarasamninga og segir að „miðað við stöðuna í samfélaginu og hvernig einstakar starfsgreinar standa þá get ég ekki verið annað en sátt með niðurstöður samninganna. Þessir kjarasamningar eru ekkert frábrugðnir öðrum samningum sem gerðir eru, þeir eru mála-miðlun samningsaðila.“

Hjördís segir að félagsmenn AFLs hafi lagt upp með þá kröfu að auka kaupmátt launa og jafnframt ná fram hækkingu lægstu launa umfram önnur laun. Þá segir Hjördís að það hafi verið mikilvægt að nota það svigrúm sem sé til staðar hjá útlutningsfyrirtækjunum til að sækja á þau með frekari hækkunir en hjá þeim fyrirtækjum sem verr standa. „Ég tel niðurstöðuna endurspegla þetta. Upphafshækkun launataxta eru 12.000 kr. á mánuði en almenn laun um 4,25%. Síðan hækka laun í tveimur áföngum á samningstímanum, að því gefnu að forsendur kjarasamninga standi. Í febrúar

2012 um 11.000 kr. á taxta og 3,5% á almenn laun. Í febrúar 2013 um 11.000 kr. á taxta og 3,25% á almenn laun“ segir Hjördís.

Þá fylgir því ákveðin kjarabót að ný

námskeið fiskvinnslufólks gefi tveggja launaflokka hækkun þegar þeim er lokið og bónusar í fiskvinnslu hækki um 16,25% eða að lágmarki 39 krónur á tímann en hækki síðan um 3,50%

eða að lágmarki 10 kr. og 3,25% eða að lágmarki 9 kr. í áföngum. Hjördís segir þetta hafa verið niðurstöðuna sökum þess að ekki tókst að ná fram hækkingu á launaflökkum fiskvinnslunnar.

Síðasti héraðsfundur Austfjarðaprófastsdæmis

Sunnudaginn 22. maí sl. var haldinn héraðsfundur Austfjarðaprófastsdæmis í Djúpavogskirkju. Var þetta síðasti héraðsfundur prófastsdæmisins þar sem ákveðið var á síðasta Kirkjupingi að leggja það niður ásamt Múlaprófastsdæmi og stofna nýtt sem sameinaði bæði undir heitinu Múlaprófastsdæmi. Gengur sú sameining í gildi 1. nóvember nk.

Aðalefni fundarins var *Fjármál sókna, sóknargjöld og fjárbagsstaða kirkjunnar*.

Framsöguerindi fluttu: Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri kirkjunnar og sóknarnefndarformennirnir Guðjón B. Magnússon, Norðfirði og Ingibjörg Björgvinsdóttir, Stöðvarfirði. Í fréttatilkynningu frá prófastsdæminu segir að hljóðið í framsögumönnum og öðrum sem til máls tóku hafi verið afar þungt í garð stjórnvalda gagnvart

sjálfstöku ríkisins af félagsgjöldum trúfélaga. „Ríkið sér um innheimtu fyrir trúfélög á félagsgjöldum meðlima, en í stað þess að skila innheimtum félagsgjöldum til viðkomandi trúfélaga, heldur það eftir drjúgum hluta þeirrar innheimtu.

Um árabíl á svokölluðum góðæris-tímum hafa sóknir í prófastsdæminu engu að síður þurft að gæta mikils aðhalds í rekstri til þess að halda úti viðunandi þjónustu, en nú er svo komið að endar ná ekki saman þrátt fyrir aukið sjálfbóðastarf.

Ef núverandi sjálfataka heldur áfram og að ekki sé talað um að hún aukist stefnir í öfni. Héraðsfundarmenn meta það svo að kirkjan sé ein af fáum grunnstöðum samfélaganna og veiti fólki mikilvæga þjónustu sem það getur ekki hugsað sér að sjá af. Sú þjónusta má engan veginn af þessum

orsökum minnka eða falla niður“ segir í tilkynningunni.

Ályktun héraðsfundar Austfjarðaprófastsdæmis 2011:

„Héraðsfundur Austfjarðaprófastsdæmis haldinn á Djúpavogi sunnudaginn 22. maí 2011 mótmælir harðlega sjálfstöku ríkisins af lögbundnum félagsgjöldum til trúfélaga.

Samkvæmt lögum innheimtir ríkið félagsgjöld fyrir öll trúfélög í landinu, en heldur eftir stórum hluta af innheimtunni. Skerðingin er nú 33% af félagsgjaldinu, sem veldur alvarlegum erfiðleikum í rekstri safnaða kirkjunnar í prófastsdæminu þrátt fyrir aðgerðir til hagræðingar og fjárflounar og mun bitna á þjónustu kirkjunnar ef ekki fæst leiðrétting á hið fyrsta.

Fundurinn skorar á ríkisvaldið að skila til trúfélaganna öllum innheimtum félagsgjöldum.“

Hafna niðurstöðum úttektar á framhaldsskólum landsins

Pawel Bartoszek, stærðfræðingur og stjórnlagaráðsmaður, vann úttekt á framhaldsskólum landsins fyrir nýjasta tölublað Frjálsrar verslunar. Í tölublaðinu kemur fram að skólarnir séu metnir samkvæmt 17 gæðavísum, þessir vísar snúast að mestu leyti um þátttöku nemenda í keppnum á vegum félags framhaldsskóla og sérgreinafélaga í einstökum námsgreinum sem kenndar eru í framhaldsskólum s.s. Gettu Betur, MORFÍS, Söngkeppni framhaldsskólanema og Íþróttavakningu framhaldsskólanna. Flestir skólameistarar sem fram hafa komið í fjölmiðlum undanfarið vegna úttektarinnar hafa dregið aðferðafræði Pawels í efa, engu virðist skipta í hvaða sæti viðkomandi skóli lenti, flestum ber saman um að úttektin sé ómarktæk. Þá hefur Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra, dregið niðurstöðurnar í efa og bent m.a. á ójöfn tækifæri milli skóla á landsbyggðinni og í höfuðborginni til að taka þátt í mörgum þeim keppnum sem lagðar eru til grundvallar matinu.

Í úttektinni notaðist Pawel við árangur skólanna í innlendum og alþjóðlegum keppnum, svo sem Gettu Betur. Í

könnuninni er Menntaskólinn í Reykjavík á toppi listans, með 925 stig, og Menntaskólinn í Hamrahlíð er í öðru sæti, með 660 stig. Verkmenntaskóli Austurlands er hinsvegar í neðsta sæti.

Í ljósi þess hve Verkmenntaskóli Austurlands kemur illa út úr könnuninni hefur Verkmenntaskólinn sent frá sér yfirlýsingu. Tilkynningin er svohljóðandi:

„Vegna fréttar Stöðvar 2 mánudagskvöldið 16. maí sl.

Umrædd grein sem vísað er í í fréttatíma Stöðvar 2 er úttekt á afmörkuðum þáttum í rekstri og starfi framhaldsskóla. Þar er horft til 17 flokka sem einkum snúa að þátttöku nemenda í keppnum á vegum félags framhaldsskóla og sérgreinafélaga í einstökum námsgreinum sem kenndar eru í framhaldsskólum. Í greininni er sleginn varnagli á úttekt sem þessa og taka bæði menntamálaráðherra og skólameistarar þriggja efstu skólanna í úttektinni undir þá gagnrýni. Það er hæpið að mínu mati að þessar niðurstöður séu nýttar til að hvetja grunnskólanemendur til að velja skóla eins og Pawel Bartoszek heldur fram

í úttektinni og í viðtali á Stöð 2 því það kemur ekkert fram í úttektinni sem mælir gæði þeirrar vinnu, kennslu og árangurs sem fram fer í framhaldsskólum landsins.

Í annarri grein laga um framhaldsskóla 92/2008 segir:

„Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða proska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi.“

Gr. 32 í sömu lögum leggur einnig þá skyldu á framhaldsskóla að taka alla nemendur inn sem lokið hafa undirstöðumenntun eða náð hafa 16 ára aldri.

Verkmenntaskóli Austurlands tekur alla nemendur sem sækja um nám í skólann inn. Ekki er um að ræða að velja bara þá bestu né þá sem ekki uppfylla inntökuskilyrðin. Skólinn kennir fornámsáfangar sem eru upprifun á námi úr grunnskóla fyrir þá sem ekki hafa lokið námsefni grunnskólans þegar þess þarf.

Einn þáttur sem fjallað hefur verið um í úttektinni er menntun kennara skólanna í árum talið í háskóla. Í Verkmenntaskóla Austurlands kenna 7 af 21 kennara skólans á

iðnámsbrautunum. Þeir eru allir með þau réttindi sem krafist er til kennslunnar þ.e. sveinspróf, iðnmeistarapróf og kennsluréttindi í framhaldsskóla. Það nám er ekki háskólanám og það skýrir af hverju verknámsskólar koma verr út en bóknámsskólar í úttektinni, þar sem krafist er a.m.k. 3ja ára háskólanáms auk kennsluréttindanáms fyrir framhaldsskóla. Bóknámsskennarar VA eru undantekningarlaust með tilskilin réttindi til kennslu í framhaldsskóla. Í einstaka tilfellum er fagfólk úr atvinnulífinu fengið til að kenna sérgreinda fagfangar þegar þannig stendur á. Sækja þarf um undanþágu frá Mennta – og menningarmálaráðuneytinu ef kennari í framhaldsskóla er ekki með kennsluréttindi og kennir meira en sem nemur 25% starf í frh.skóla.

Við höfnum því alfarið að Verkmenntaskóli Austurlands sé verst skóli landsins og vörum við að þessi r.s.k. „gæðavísar“ sem þarna eru dregnir fram séu nýttir sem mælikvarðar á gæði skóla.“

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar tók í sama streng á síðasta bæjarstjórnarfundum og hafnar niðurstöðum könnunarinnar.

Stóriðjuskóli Fjarðaáls tekur til starfa haustið 2011

Fyrstu 30 nemendurnir hefja stóriðjunám

Í haust munu fyrstu 30 nemendurnir hefja grunnnám við Stóriðjuskóla Fjarðaáls. Stóriðjunám er tækifæri fyrir framleiðslustarfsmenn til að afla sér fjölbreyttrar menntunar sem nýtist bæði í starfi og frekara námi, auk þess að veita launahækkun.

Stóriðjuskólinn er samstarfsverkefni Fjarðaáls, Verkmenntaskóla Austurlands og Þekkingarnets Austurlands. Stéttarfélagin AFL og RSÍ eru einnig aðilar að verkefninu.

Stuðst er við námskrá fyrir stóriðjunám frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Grunnnámið er þrjár annir og framhaldsnám verður fjórar annir. Verkmenntaskóli Austurlands mun sjá um stóran hluta kennslunnar sem fer að mestu leyti fram í húsakynnum Fjarðaáls að Hrauni.

Lágmarksstarfsaldur til að sækja um skólavist er þrjú ár. Kynningarefni um Stóriðjuskóla Fjarðaáls verður gefið út um leið og gengið hefur verið frá nýjum kjarasamningi.

Hvers vegna Stóriðjuskóli?

Störf í álveri eru flókin og krefjandi. Því skiptir miklu máli að byggja upp þekkingu, sjálfstraust og hæfni svo að starfsmenn og fyrirtækið nái hámarksárangri. Markmið stóriðjunámsins er að gera framangreint með markvissum hætti.

Tilgangurinn með námi við Stóriðjuskólann er jafnframt að auka starfsánægju og gera Fjarðaál að enn eftirsóknarverðari vinnustað. Náminu er einnig ætlað að auka öryggi við vinnu, auðvelda innleiðingu breytinga og þjálfar starfs- og samskiptahæfni.

Stóriðjuskóli Fjarðaáls er byggður á námskrá um nám í stóriðju frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Í náminu er lögð áhersla á að nemendur læri námstækni, öflun og miðlun upplýsinga. Hvort tveggja er mikilvæg hæfni í nútímaþjóðfélagi og í starfi hjá stóru fyrirtæki. Markmið námsins er einnig að efla sjálfstraust nemenda og lífsleikni.

Nám við Stóriðjuskóla Fjarðaáls er hægt að fá metið til eininga á framhaldsskólastigi ef hugur stendur til frekara náms. Námið getur því orðið kveikjan að frekara námi þar sem möguleikarnir eru margir. Með því að ljúka bæði grunn- og framhaldsnámi við Stóriðjuskólann geta nemendur fengið allt að 48 einingar metnar upp í nám við Verkmenntaskóla Austurlands.

Einnig verður í kjölfar námsins boðið upp á svokallað raunfærnimat þar sem lagt er mat á þá hæfni sem nemendur hafa aflað sér í lífi og starfi, sem veitir frekari möguleika á styttingu náms í iðn- eða bóknamsgreinum. Miklir möguleikar verða því



Skrifað var undir samninga um Stóriðjuskóla Fjarðaáls í Listasafni Tryggva Ólafssonar á Norðfirði, að loknum ársfundi sjálfbærni-verkefnisins 13. maí. Frá vinstri Olga Lísu Garðarsdóttir, skólastjóri Verkmennsakóla Austurlands, Stefánía Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri Þekkingarnets Austurlands, Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa á Íslandi og Sigurður Ólafsson, fræðslustjóri Fjarðaáls.

fyrir hendi varðandi áframhaldandi nám að Stóriðjuskóla loknum. Nemendur munu fá ítarlega kynningu á námsmöguleikum í lok námsins, auk persónulegrar ráðgjafar. Nám við Stóriðjuskóla Fjarðaáls mun væntanlega að auki veita talsverða launahækkun samkvæmt nýjum kjarasamningi Fjarðaáls, AFLs og RSÍ strax að grunnnámi loknu og aðra hækkun að loknu framhaldsnámi. Gert er ráð fyrir að Fjarðaál greiði fyrir helming þess tíma sem nemar eru í skólanum, eða að jafnaði 16 tíma á mánuði.

Fyrir hverja er stóriðjunám?

Grunnnám Stóriðjuskóla Fjarðaáls er ætlað framleiðslustarfsmönnum Fjarðaáls, bæði þeim sem vinna á vöktum sem og dagvinnufólki. Ekki er gerð krafa um ákveðna grunnmenntun og námsmönnum er mætt þar sem þeir eru staddir. Lágmarksstarfsaldur til að sækja um skólavist er þrjú ár. Endanlegt val á nemum fer fram í samráði við framkvæmdastjóra, en meðal annars er tekið tillit til mætinga, hæfni og frammistöðu í starfi.

Framhaldsnám Stóriðjuskólans verður svo ætlað þeim sem ljúka grunnnáminu, en einnig iðnaðarmönnum sem hafa starfað hjá Fjarðaáli í meira en þrjú ár.

Hvernig fer kennslan fram?

Verkmenntaskóli Austurlands mun sjá um stóran hluta kennslunnar, en kennarar skólans hafa mikla reynslu af fullorðinsfræðslu. Sérfræðingar Fjarðaáls munu kenna sérhæfðar greinar sem snúa að fyrirtækinu sérstaklega. Þekkingarnet Austurlands mun svo sjá um ýmiss konar utanumhald í tengslum við Stóriðjuskólann, svo sem skráningar, samskipti við nemendur og leiðbeinendur, samræmingu í efnisgerð og fleira, auk þess sem námsver Þekkingarnetsins og önnur þjónusta standa nemendum til boða.

Hvað verður kennt?

Grunnnámið er 358 fimmtíu mínútna kennslustundir sem skiptast niður á þrjár annir. Ítarlega lýsingu á námsgreinum verður að finna í kynningarefni um Stóriðjuskóla Fjarðaáls. Meðal þess sem farið verður yfir í grunnnáminu eru námstækni og samskipti, umhverfi, heilsa og öryggi, tölvur, stærðfræði, efnafræði, eðlisfræði, vélfræði, framleiðslustýringar, rafgreining og málmvinnsla. Framhaldsnámið verður 462 kennslustundir á fjórum önnum. Af námsgreinum í framhaldsnáminu má nefna tölvunám, vökvakerfi, loftstýringar, rafmagnsfræði, framleiðnistýrt viðhald, iðnstýringar, veitukerfi og umhverfisfræði.



STEIN-GRÍMSVÖTN

Ætli ég verði ekki að byrja á því að biðjast afsökunar á því að hafa boðið lesendum Austurgluggans gleðilegs sumars of snemma, eða fyrir um mánuði síðan, fljótfærnin blasti við öllum í vikunni. Ég hef þó fulla trú á því að eftir þetta mikla vorhret muni sumarið koma með miklum glæsibrag.

Það er erfitt að gefa út þetta tölublað án þess að minnst á gosið í Grímsvötnum. Það gladdi mig að sjá að Kjartan Glúmur minnst á það í vísnaðhorninu og því er blaðið ekki algjörlega án gosumfjöllunar. Annars hefur Austurland nánast alveg sloppið við öskufall, ennþá að minnsta kosti, fyrir utan smotteríis ösku sem féll á Egilsstöðum og Vopnafirði en ég hef ekki haft fregnir af gosösku víðar sem betur fer. Umfjöllun um áhrif gossins og þær hamfarir hafa verið allsráðandi í fjölmiðlum, eðlilega. Deila má um það hvort umfjöllun fjölmiðla um gosið hafi verið of drottnandi á kostnað annarra stórmerkilegra tíðinda, sitt sýnist hverjum um það. Skýrsla fjármálaráðherra um endurreisn viðskiptabankanna sem var gefin út í mars en ekki birt fyrr en um miðjan þennan mánuð er gott dæmi um mál sem lítið sem ekkert hefur verið minnst á í fjölmiðlum. Nokkrir þingmenn hafa þó reynt að halda henni á lofti auk Marínós Njálssonar og Ólafs Arnarssonar, hagfræðings, sem segir í nýlegri grein sinni á Pressunni að „þegar skýrslan er lesin skýrist raunar vel hvers vegna fjármálaráðherra reyndi að láta sem minnst fyrir henni fara. Hún sýnir svart á hvítu hvernig fjármálaráðherra - og þannig ríkisstjórn Íslands - gaf skilaneindum gömlu bankanna skotleyfi á íslenska skuldara - fórnadi hagsmunum íslenskra heimila og fyrirtækja til að vernda hagsmuni erlendra kröfuhafa gömlu bankanna.“ Ég hef fulla trú á því að fjölmiðlar muni fylgja skýrslunni eftir með gaumgæfulegum hætti. Margt af því sem þar kemur fram virðist vera í fullkominni þversögn við það sem norræna velferðarstjórnin ætlaði sér. Í skýrslunni er nánast hvergi minnst á hagsmuni viðskiptavina bankanna en með yfirgrípsmiklum hætti er fjallað um hvernig verði að taka aukið tillit til kröfuhafa viðskiptabankanna og leitast við að finna lausnir í þeirra málum. Skýrslan er komin á náttborðið hjá mér til ítarlegri yfirllesturs, enda ekki seinna vænna að reyna að kynnast betur þessum nýja baráttuanda Steingríms og „breyttu“ stefnu ríkisstjórnarinnar.

Í sumarskapi
Ragnar Sigurðsson

Tryggðu þér áskrift að fréttablaði Austfirðinga



Skopmynd vikunnar - Vísnaðhorn
Austfirsk málefni krufin til mergjar
Menningarviðburðir - Íþróttir - Sérblöð
Fréttabréf Fljótsdalshéraðs - Fréttabréf Fjarðabyggðar.
Veljum austfirskt alla leið...

Sendu netpóst á auglysing@austurglugginn.is
eða hringdu í síma 477-1571.



Vísnaðhornið

Mikið varð ég glaður núna um helgina þegar ég fékk staðfestingu á því, frá ekki ómerkari manni en fjármálaráðherra vorum, að ég væri ekki venjulegur. Það er víst eingöngu óvenjulegt fólk er hefur lent í því að eignir brenni upp vegna hækkunar á lánum. Þessar vísur bárust frá fyrrverandi bónda í Skriðdal og má kalla þær heilræði fyrir stjórnmalamenn:

Til háværs stjórnmalamanns

Þetta segja við þig vil
vinur hætt'að gala.
og þegiðu bara þangað til
þér er sagt að tala.
Hreinn Guðvarðarson

Hughreysting til þess hógværa

Þó að aukast virðist vandi
og veröld sýnist standa á haus,
naumast hefur núlifandi
nokkur dáíð ráðalaus.

Hreinn Guðvarðarson Sauðárkóki

Það má segja Steingrími J til happs
að stærri fréttir urðu til þess að ef
til vill hefur almenningur ekki haft

tíma til að hugsa um ræðu hans um
helgina:

Glími ég við raunir ríms
reyni á hug minn allan:
Fólskulegt er -fjallið Gríms-
frelsar - „hann með skallann“.
Björn Hafþór Guðmundsson

Ég hélt að eftir gosið í Eyjafallajökli
á síðasta ári væri komið nóg í bili.
En náttúruhamfarir þurfum við að
búa við hér á landi. Það má því segja
að ég hafi skammast mín eftir að
hafa lent í hrakningum á Fagradal
á föstudaginn að ég skyldi barma
mér og bölsótast yfir veðrinu. Eftir
að hafa horft á myndir helgarinnar
finnst mér ég hafa það nokkuð gott.
Samt eru margir sem voru farnir að
gleðjast yfir blómum misglafir og
er það alveg eðlilegt:

Aldrei gjarnan svart hef séð,
síður ennþá núna
en safnist meiri snjó á beð
á sumri rýrir trúna.
Philip Vogler

Venjulegt fólk og varasöm náttúra

Svo er hér önnur um baráttu okkar
við náttúruöflin:

Eystra hleður snjó á snjó
snjó frá himnum þekur mó.
Syðra askan svertir geim
og sífellt hitnar undir þeim.
Stefán Bragason

Þar sem í upphafi var verið að
skammast yfir stjórnmalamanni er
ekki úr vegi að leyfa skáldi úr þeirra
hópi að eiga síðasta orðið. Vísan
fjallar um tildrög hrunsins:

Í nýju ljósi nú ég sé
nýfrjálshygjumóðinn,
trylltum körlum tryggt var fé
en tapið borgar þjóðin.
Sigmundur Ernir Rúnarsson

Ég læt þetta duga að sinni og þakka
öllum sem sendu inn vísur kærlega
fyrir. Fyrirparturinn er enn í fríu hjá
mér en velkomið að senda inn fyrir-
parta þrátt fyrir það. Minni enn og
aftur á netföngin glumur2@centrum.is
is eða frett@austurglugginn.is

Vísnaðveðja, Glúmur

BÚÐAREYRI 7, 730 REYÐARFJÖRÐUR

Ritstjóri & ábyrgðarmaður: Ragnar Sigurðsson • frett@austurglugginn.is • Fréttasími: 477 1750

Auglýsingastjóri og þjónusta við áskrifendur: Þórunn Hyma Víkingisdóttir • 477 1571 & 891 6484 • auglysing@austurglugginn.is

Fréttaritari í Neskaupstað: Áslaug Lárusdóttir s. 695 8498 • aslaugl@gmail.com • Fréttaritari á Vopnafirði: Bjarki Björgólfsson s. 865 7471 • kompan@vortex.is

Útgefandi: Útgáfufélag Austurlands ehf. • Umbrot og prentun: Héraðsprent.

austur
glugginn



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri



VILTU LÆRA HEIMA?

FJARNÁM VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

EFTIRTALDAR FJARNÁMSLEIÐIR VERÐA Í BOÐI HAUSTIÐ 2011:

Félagsvísindi
Fjölmíðlafræði
Hjúkrunarfræði*
Iðjupjálfunarfræði

Kennarafræði
Líftækni
Náttúru- og auðlindafræði
Nútímafræði

Sálfræði
Sjávarútvegsfræði
Viðskiptafræði

**Einungis í boði á Selfossi*

www.unak.is

Umsóknarfrestur er til 5. júní.

Vetrarveður á Austurlandi

Undanfarna viku hefur vetrarveður geisað á Austurlandi. Veðrið hefur þó lagast eftir því sem liðið hefur á vikuna en óveður, ófærð og illfærð olli talsverðum vandræðum víða. Margir sátu fastir í bílum sínum á Fagradal sem og víðar sökum veðurs og færðar en óveðrið kom mörgum ferðamönnum í opna skjöldu enda óvanalegt að ófært sé til Seyðisfjarðar í meira en sólarhring í lok maímánaðar. Samkvæmt heimildum Austurgluggans lentu margir bændur í vandræðum við að koma búfé inn vegna fannfergis. Sauðburði var að mestu lokið og lentu því ýmsir bændur í vandræðum vegna plássleysis. Talið er að tekist hafi að bjarga öllu fé en bændur höfðu í nógu að snúast við að bjarga nýfæddum lömbum og kindum undan óveðrinu.



Mynd: Skarphéðinn G. Þórisson



Halldór Walter Stefánsson, starfsmaður Náttúrustofu Austurlands, sagði hætt við að varp flestra smærri fugla hafi farið illa en meiri líkur séu á að stærri fuglar eins og gæsir og álftir hafi setið þetta af sér á breiðrum á allra legsta láglendi. „Staðan versnar um hverja 100 metra sem ofar er farið í landið“ sagði Halldór. Náttúrustofa Austurlands hvetur fólk til að vera ekki að hnýsast í breiðrin eins og staðan er, þar sem egg og ungar í hreiðrum getu misfarist fyrir vikið enda staðan mjög viðkvæm.



Norræna beið fyrir utan Seyðisfjörð á meðan verið var að moka veginn yfir Fjarðarheiði. Ekki var talið ráðlegt að hleypa fólki í land fyrr en heiðin væri orðin auð sökum þess hve margir voru á ökutækjum sem talið var fullvíst að hefðu lent í vandræðum.



Sumir virtust kunna að meta tíðarfarið meira en aðrir.



Fjölmargin lentu í vandræðum á Fagradal enda blindbylur þar á köflum. Fjöldi bíla sat þar fastur eða höfðu lent utanvegar.



Það var orðið tómlegt í Samkaupum á Seyðisfirði þegar Austurgluggann bar að garði. Öll mjólk hafði klárast og lítið var eftir af brauði. Stuttu eftir að vegurinn opnadi yfir Fjarðarheiði komu matarbirgðir þó í búðina.



Talsvert þurfti að hafa fyrir því að gera veginn yfir Fjarðarheiði færa fyrir þá 600 ferðamenn sem komu með Norrænu, margir hverjir voru á farartækjum ekki búnum undir þessa óvæntu vetrarfærð.

INNRETTINGAR

íslensk hönnun • íslensk framleiðsla





FRÍR FLUTNINGUR
HVERT Á LAND SEM ER*

Flytjandi

* Flytjandi flytur vöruna á þá stöð sem næst er viðskiptavini

Brunavottaðar innihurðir,
Einnig í yfirstærðum. Stærðir allt að 240x240cm



Brúnás innréttingar hafa áunnið sér gott orð fyrir glæsilega íslenska hönnun og gæða handverk sem byggir á þekkingu og áralangri reynslu. Í sýningarsal okkar í Ármúla 17a í Reykjavík, býðst þér fagleg þjónusta og ráðgjöf innanhúsarkitekta við val á Brúnás innréttingum. Að Miðási 9 á Egilsstöðum er einnig glæsilegur sýningarsalur þar sem boðið er upp á teikniþjónustu.

Ármúli 17a • 108 Reykjavík • sími: 588 9933 • fax: 588 9940 | Miðás 9 • 700 Egilsstaðir • sími: 470 1600 • fax: 471 1074 | www.brunas.is

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðisins Nes 1, 730 Fjarðabyggð

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar auglýsir hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðisins Nes 1 á Reyðarfirði í samræmi við 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í fjölgun lóða, breytingu á lóðamörkum nokkurra lóða, breytingu á götunúmerum, breytingu á nýtingarhlutfalli lóða, annarri megin mænisstefnu er bætt við, ein aðkoma verður inn á skipulagssvæðið, skipulagssvæðið stækkar og gert verður ráð fyrir jarðvegsmönnum.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar að Hafnargötu 2, 730 Fjarðabyggð frá 26. maí til 7. júlí 2011. Athugasemdafrestur er til sama tíma.



Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta, er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Skila skal skriflegum athugasemdum til skipulagsfulltrúa á bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar, Hafnargötu 2, 730 Fjarðabyggð. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna teljast henni samþykkir.

Bæjarstjórinn í Fjarðabyggð



FJARÐABYGGÐ | þú ert á góðum stað

fjardabyggd.is

Mjóifjörður

Neskaupstaður

Eskifjörður

Reyðarfjörður

Fáskrúðsfjörður

Stöðvarfjörður

Áskriftartilboð:

Fáðu áskrift að Austurglugganum í maí og júní er frír. Tilboðið gildir til mánaðarmóta. Þeir sem gerast áskrifendur fyrir 1. júní fá þann mánuð frían.



ÁSKRIFTA OG AUGLÝSINGASÍMI

auglysing@austurglugginn.is
Síma 477-1571.



Skopmynd vikunnar - Vísnaðhorn - Austfyrsk málefni krufin til mergjar Menningarviðburðir - Íþróttir - Sérblöð - Fréttabréf Fljótsdalshéraðs Fréttabréf Fjarðabyggða. **Veljum austfyrskt alla leið...**

Fullkomnasta skógarplöntustöð landsins!

Barri Skógræktarstöð

Barri hf rekur fullkomnustu skógarplöntustöð á Íslandi að Valgerðarstöðum 4 í nágrenni Egilsstaða.

Barri er leiðandi fyrirtæki í innleiðingu nýjunga á sviði skógarplönturæktunar og hefur byggt sérhannaða kæli- og frystigeymslu fyrir skógarplöntur.

Til sölu verða í vor ýmsar tegundir skógarplantna bæði í pappakössum af frysti og bökkum með plöntun yfirvetruðum á hefðbundinn hátt.

Barri hf. rekur Gróðrarstöðina á Tumastöðum í Fljótshlíð.

Á Tumastöðum verða til sölu flestar tegundir skógarplantna og pottaplöntur sem eru ræktaðar hjá fyrirtækinu.

Barri selur og sendir skógarplöntur um allt Ísland auk Færeyja og Grænlands. Ræktunargeta Barra er allt að 130 þúsund fjölpottabakkar á ári.

www.barri.is • barri@barri.is

Loksins Loksins

það sem við höfum beðið eftir...

Fellabakarí

hefur opnað glæsilegt bakarí í Fellabæ.

Kökur fyrir öll tilefni

Bakkelsi til að gleðja og auðvitað

frábær sætabrauð.

Opnunartími í sumar er eftirfarandi:

Mán – Fös: 07:00 – 17:00
(06:30 er hurðin opnuð)

Laugardaga: 08:00 – 13:00

Sunnudaga: Lokað

Sjáumst í sumar

 [Facebook.com/fellabakari](https://www.facebook.com/fellabakari)
Fylgist með á fésinu

Landsvirkjun

Landsvirkjun

Landsvirkjun

Landsvirkjun

- Framhaldsskólar - brautskráning og skólaslit -

Menntaskólinn á Egilsstöðum

Alaugardaginn, 21. maí var Menntaskólanum á Egilsstöðum slitið í 31. sinn.

Þrjátíu og sjö nemendur brautskráðust frá skólanum, 2 af fjögurra ára starfsbraut og 35 með stúdentspróf, 16 af félagsfræðibraut, 12 af náttúrufræðibraut, 4 af málabraut, einn af viðskipta- og hagfræðibraut og tveir með viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum. Að auki luku tveir þessara nemenda námi af listnámsbraut og einn af íþróttabraut samhliða stúdentsbrautunum. Bestum árangri á stúdentsprófi náði Hörður Bragi Helgason, með meðaleinkunnina 9,45. Hörður Bragi er einungis sautján ára og yngsti nemandi sem lokið hefur stúdentsprófi frá skólanum.



Mynd/Práinn Skarphéðinsson

Í skólaslitaræðu ræddi Helgi Ómar Bragason skólameistari um nýja námskrá sem skólinn tekur upp komandi haust. Allmargar nýjungar fylgja námskránni, meiri áhersla verður lögð á sjálfstæð og öguð vinnubrögð nemenda. Margir nýir og spennandi áfangar verða í boði. Skólinn tekur upp nýtt skipulag, sem hefur gengið undir nafninu „Spannir og verkefnatímar“. Hverri önn verður skipt í tvennt. Hver nemandi einbeittir sér að færri námsgreinum í einu og lýkur áföngum sínum á tæpum 9 vikum. Önnur hver kennslustund nemandans verður í verkefnatímum þar sem nemendur vinna að verkefnum tengdum áföngum sem þeir stunda. Skólameistari þakkaði starfsmönnum og nemendum sem hafa unnið að námskránni síðustu þrjá vetur.

Verkmenntaskóli Austurlands

Föstudaginn 20. maí fór fram brautskráning frá Verkmenntaskóla Austurlands í Kirkju - og menningarmiðstöð Fjarðabyggðar á Eskifirði.

Alls 44 nemendur luku prófi, 7 af félagsfræðibraut, 4 af húsasmíðabraut, 4 með meistaranám (3 í vélvirkjun og einn af snyrtibraut), 4 af námsbraut fyrir leiðbeinendur í leikskólum, 9 af námsbraut fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskólum, 1 af námsbraut fyrir leiðbeinendur í leik- og grunnskóla, 4 af náttúrufræðibraut, 6 af sjúkraliðabraut, 1 af starfsbraut, 1 í vélvirkjun, 3 með viðbótarnám til stúdentsprófs.

Sökum veðurs höfðu ekki allir tök á því að mæta í brautskráningu en rúta fór frá Neskaupstað á keðjum yfir Oddskarð en vonskuveður var einnig í Fagradal og því urðu nokkrir veðurteppir og komust ekki í útskriftina en athöfnin fór

engu að síður vel fram.

Nokkrir nemendur voru verðlaunaðir fyrir góðan námsárangur og frammistöðu og elju í námi. Þá var Valgerður Ásgeirsdóttir verðlaunuð fyrir óeigingjarnt framlag til leiklista og Guðmundur Daði Guðlaugsson fyrir þátttöku í Gettu - betur liði VA en hann hefur verið í liðinu samtals fimm sinnum. Óli Freyr Axelsson nýstúdent flutti kveðju frá nemendum, Ingibjörg Þórðardóttir kveðju kennara og Jón Björn Hákonarson formaður skólaneftndar flutti ræðu. Flestar ræður sem fluttar voru fjölluðu m.a. um úttekt Frjálsrar Verslunar sem birt var í sl. viku, ræðumenn deildu á fjölmiðla fyrir einfalda túlkun auk þess að efast mjög um raunhæfni þeirra þátta sem horft var til í úttektinni. Tvö tónlistaratriði voru við athöfnina, Sigfús Ólafur Guðmundsson nýstúdent söng Imagine eftir John Lennon og Garðar Eðvaldsson spilaði lagið Misty eftir Erroll Garner á saxafón. Ágúst Ármann lék undir bæði lögin á píanó.



Mynd/VA

austur glugginn fréttarnám vikublað

Viltu auglýsa í Austurglugganum?

Auglýsingasíminn er **891 6484**

REIÐHJÓL

Mesta úrval á Austurlandi
Viðgerðir og varahlutabjónusta.

VERSUNIN
SKÓGAR
Sími 471 1230
Egilsstöðum

Opið mán.-fös. kl. 10 - 18.
ATH opið laugardaga kl. 11 - 15

Óli bæjór hættur

Ólafur Hr. Sigurðsson sagði af sér sem bæjarstjóri Seyðisfjarðarkaupstaðar á fundi bæjarráðs Seyðisfjarðar í síðustu viku. Hann segist með þessu vilja axla ábyrgð á vondri niðurstöðu á seinasta fjárhagsári. Hann segir ástæðu uppsagnarinnar ekki eingöngu snúa að rekstrarniðurstöðu bæjarins heldur einnig trúnaðarbrests milli sín og sjálfstæðismanna í bæjarstjórn. Þá hefur verið tilkynnt að Ólafur láti af störfum þann 31. maí nk. og að Vilhjálmur Jónsson, formaður bæjarráðs, taki við þar til nýr bæjarstjóri hefur verið ráðinn.

Ólafur Sigurðsson hefur verið bæjarstjóri á Seyðisfirði í alls níu ár en í kosningunum 2006 var hann boðinn fram sem bæjarstjóraefni Sjálfstæðisflokksins. Hann var ekki í framboði í fyrra en var endurráðinn bæjarstjóri þegar nýr meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks var myndaður. Arnbjörg Sveinsdóttir, fyrrverandi þingmaður, leiddi þá listann og situr sem forseti bæjarstjórnar. Aðspurður út í ástæður uppsagnarinnar segir Ólafur að það sé vegna margra samverkandi þátta.

Lítur verr út en hann átti von á

„Ég hélt að þetta liti ekki eins illa út eins og raun ber vitni. Ég axla því ábyrgð á mínum hlut en það verða

Hins vegar munar hér einum 20 milljónum á því sem niðurstaðan varð og því sem ég taldi að myndi verða og við það er ég mjög ósáttur og skammast mín fyrir það.

aðrir að axla ábyrgð á ákveðnum hlutum þarna sem ekki er hægt að hlaupast frá,“ sagði Ólafur í samtali við Austurgluggann í síðustu viku. Ólafur greinir frá því að ársreikningurinn sem bíði nú annarrar umræðu í bæjarstjórn Seyðisfjarðar sýni tap á rekstri bæjarsjóðs en gert var ráð fyrir að samstaðan væri réttu megin við strikið. Ólafur segir að alltof miklar væntingar hafi verið gerðar til kapalverksmiðjunnar. „Samkvæmt áætlunum sem við gerðum haustið 2009 þá héldu allir að búið yrði að landa þessari vinnu í byrjun árs 2010. Við gerðum ráð fyrir því þegar áætlun fyrir árið 2010 var gerð að hægt yrði, samhliða ákvörðun um kapalverksmiðju, að fara í „minniháttar“ lagfæringar á starfsmannahaldi sem myndi skila sér síðari hluta árs 2010. Slíkar aðgerðir hefðu skila því að

launahaldið hefði a.m.k. orðið einum 20 milljónum lægra en það síðan varð“ segir Ólafur.

Samkvæmt heimildum Austurgluggans er það Framtakssjóður Íslands sem dregur lappirnar hvað kapalverksmiðjuna varðar en beðið er eftir svörum frá sjóðnum. Sökum þess að bæjarstjórn mat það þannig að búið yrði að reisa Kapalverksmiðjuna í byrjun ársins 2010 þá segir Ólafur að bærinn hafi haldið áfram út árið við þá stefnu að vera í framkvæmdum og „aðstoða þannig atvinnulífið á árinu við að halda út óbreyttri starfsemi án þess að fleiri þyrftu að fara úr bænum eða til að ekki bættist á lista atvinnulausra. Nögu slæmt er nú ástandið“



Ólafur Hr. Sigurðsson

segir Ólafur.

Hann segir kreppuna ekki hafa hitt Seyðisfirðinga illa ennþá sökum þess að bærinn hafi haldið aftur að sér í fækkun starfsfólks og bætir því við að það hafi verið meðvitað stefna núverandi og síðustu bæjarstjórnar.

Skammast sín

Ólafur segir að stefnt hafi verið að því að fækka mannskap í skólanum með því að ráða ekki í þær stöður sem losnuðu, það tækifæri hafi hins vegar ekki verið nýtt og Ólafur segir að sökin á því sé alfarið sín en það megir rekja til þess að fyrir kosningar árið 2010 „var ég ekki bara bæjarstjóri heldur líka oddviti sjálfstæðis-

manna. Pólitíkusar eins og ég var þá, þora ekki í svona aðgerðir á síðustu metrunum fyrir kosningar en það er í apríl mánuði sem eru síðustu forvöð til að breyta eitthvað til fyrir næsta skólaár. Þarna liggur mín sök“ segir Ólafur.

Ólafur segir jafnframt að „[e]f borin er saman árin 2009 og 2010 lítur þetta svo sem ekkert sérlega illa út t.d. er annar kostnaður sveitarfélagsins nánast sama tala á milli ára þrátt fyrir gríðarlegar hækkanir á öllum sviðum en þó sérstaklega á orkuverði. Stærsti hluti aukins launakostnaðar á milli ára liggur í tryggingargjaldinu og svo tókum við alla námsmenn sem til okkar leituðu í vinnu. Þ.e.a.s. þá sem áttu hér lögheimili. Sumarið varð því dýrara en ella. Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði er hins vegar aðeins örlítið lakari á milli

ára þrátt fyrir fyrrgreint svo munar 4.5 milljónum. Með öllu saman er rekstrarniðurstaða ársins mun betri en árið á undan. Hins vegar munar hér einum 20 milljónum á því sem niðurstaðan varð og því sem ég taldi að myndi verða og við það er ég mjög ósáttur og skammast mín fyrir það“ segir Ólafur.

Fleiri þurfa að axla ábyrgð

Aðspurður út í það hverjir eigi að axla ábyrgð og hvers vegna segir Ólafur að „ábyrgð allra stjórnenda í stofn-

„hvort aðrir sjá ástæðu til að nota sömu aðferð og ég og hreinlega fá sér eitthvað annað að gera er svo undir hverjum og einum komið.“ Hann segir að bæjarstjórn Seyðisfjarðar geri ekki slíkar kröfur til sinna stjórnenda og hafi aldrei gert og hafi ekki gert það til hans sem yfirstjórnanda.

unum byggir á því að allir séu meðvitaðir um stöðuna um hver mánaðarmót og bregðist við ef kostnaður stefnir fram úr áætlun. Það er líka skylda allra stjórnenda að grípa hvert tækifæri sem gefst til að spara í mannahaldi og þá sérstaklega á það við þegar menn vita að staða sveitarfélagsins fjárhagslega er ekki góð. Sjái stjórnendur að stefni í fjárförf umfram heimildir þarf að leita samþykkis fyrir því í bæjarráði. Ef þeir gera það ekki þurfa þeir hinir sömu að axla ábyrgð“ segir Ólafur. Hann segist bera ákveðna ábyrgð á því að hafa ekki beitt menn betra aðhaldi í þessum efnum og bætir því við að „hvort aðrir sjá ástæðu til að nota sömu aðferð og ég og hreinlega fá sér eitthvað annað að gera er svo undir hverjum og einum komið.“ Hann segir að bæjarstjórn Seyðisfjarðar geri ekki slíkar kröfur til sinna stjórnenda og hafi aldrei gert og hafi ekki gert það til hans sem yfirstjórnanda.

Kannast ekki við trúnaðarbrest

Austurglugginn ræddi við Arnbjörgu Sveinsdóttur, forseta bæjarstjórnar, og Daníel Björnsson, sem gegnir starfi fjármálastjóra Seyðisfjarðar og er jafnframt bæjarfulltrúi sjálfstæðisflokksins. Þau tóku í sama streng og sögðu ákvörðunina vera alfarið hans en vildu lítið tjá sig um uppsögnina og meintan trúnaðarbrest að öðru leyti. Bæði Arnbjörg og Daníel sögðust ekki skilja hvaða trúnaðarbrest Ólafur ætti við og höfnuðu því að um trúnaðarbrest hafi verið að ræða. Cecil Haraldsson, oddviti minnihlutans vildi ekkert tjá sig um málið og sagði þetta mál alfarið snerta meirihlutann.

Arnbjörg sagði þó að reikningarnir sýndu að það hefði ekki verið tekið á málum eins og þurft hefði að gera. Arnbjörg sagði í samtali við Austurgluggann að auglýst yrði eftir nýjum bæjarstjóra en þar til nýr bæjarstjóri hafi verið ráðinn muni Vilhjálmur Jónsson gegna bæjarstjórastöðunni. Sú saga fór fljótt á kreik að Arnbjörg ætlaði sér að taka við bæjarstjórastöðunni. „Ég er í námi og það hefur aldrei staðið til að taka við bæjarstjórastöðunni. Ég mun því ekki sækja um stöðuna svo það sé á hreinu“ sagði Arnbjörg.

Þurfa að skýra málin

Aðspurður út í ágreininginn segir Ólafur að aldrei sé það þannig að einn eigi sök þegar tveir deili. „Ég hef minn stíl á að stjórna og það pola þann stíl ekki allir. Ég er yfirleitt fljótur að taka ákvarðanir og þyki ekki sérlega lýðræðislegur í aðgerðum. Ég er ekki maður sem eyði tíma í að velta hlutum fyrir mér í langan tíma og þora svo jafnvel ekki að taka ákvörðun. Ég tek yfirleitt ákvarðanir strax og það hentar ekki öllum bæjarráðum að vinna með slíkum aðila og ég sé það að yngri og kannski varkárara fólkinu líkar þetta illa. Þetta snýst ekki um neina óvild eða fjandskap heldur miklu fremur um gamla og nýja tímenn. Væntanlega er ég bara gamaldags stjórnandi með gamaldags stjórnunarstíl“ segir Ólafur og bætir því við að hann fari ósáttur frá starfi. Hann telur sig vera að bregðast trausti fjölmargra fylgismanna sinna en telur sig ekki geta unnið með bæjarfulltrúum sjálfstæðisflokksins. „Ábyrgð meirihlutans liggur hins vegar í því að skýra málið út fyrir því fólki sem er í þeirra baklandi. Ef að það fólki stendur heilshugar þeim að baki þá er þetta allt í finu lagi. Ef ekki þá verður erfitt fyrir þetta sama fólk að vinna áfram sín störf í bæjarstjórn. Ósáttastur er ég samt við það að þurfa kannski að leita mér að vinnu utan Seyðisfjarðar en án atvinnu get ég ekki hugsað mér að vera. Ef svo fer þá kemur fátt annað til greina en sá staður annar á Austurlandi sem mér þykir jafn vænt um og Seyðisfjörð og það er Norðfjörður þar sem ég bjó í 24 ár“ segir Ólafur.

Finna fyrir aukinni þörf

Þróunarfélag Austurlands (ÞFA) hefur verið starfrækt frá því árið 1983. Félagið vinnur að framþróun í atvinnulífi og jákvæðri samfélagsþróun á Austurlandi. Meðal helstu hlutverka Þróunarfélags Austurlands er að efla atvinnulíf og samfélag á Austurlandi, veita ráðgjöf við nýsköpun- og þróunarverkefni auk þess að veita ráðgjöf um bættan rekstur. Félagið hefur tekið þátt í fjölda verkefna á landsvísu sem og alþjóðlegum verkefnum sem atlað er að styðja og styrkja við atvinnulífið á Austurlandi.

Haflíði Haflíðason, framkvæmdastjóri ÞFA, segir fólk leita í auknum mæli á skrifstofu ÞFA eftir fjármálahrúnið á Íslandi einkum með hugmyndir sem það hefur haft í skúffunum hjá sér. „Á miðsvæðinu finnum við fyrir því að fólk leitar meir til okkar nú en fyrir kreppu með hugmyndir sem það hefur haft lengi og vill vinna að. Hugsanlega hefur fólk meiri tíma í dag til þess að kanna möguleika sína og eflaust spilar þarna inn í ákveðið atvinnuöryggi“ segir Haflíði.

Margt af þeim verkefnum sem ÞFA vinnur að snýr að frumkvöðlastarfi. Þau verkefni og sú vinna sem fer í að rannsaka og kostnaðargreina ýmis verkefni eru falin fyrir fólki einkum vegna þess að fyrirtæki og einstaklingar sem koma með hugmyndirnar gera það í trúnaði. ÞFA sinnir ekki eingöngu frumkvöðlastarfi heldur sinnir félagið einnig ráðgjöf ýmis- konar og veitir sveitarfélögunum og SSA ýmsa aðstoð.

Sem dæmi um verkefni sem starfsfólk ÞFA hefur verið að vinna að eru stofnun: Kyndistöðvar á Hallormsstað, mögulegrar Álkla-



verksmiðju á Seyðisfirði og Jarðfræðiseturs á Breiðdalsvík. Auk þessara verkefna er ÞFA umsjónaraðili Vaxtarsamnings Austurlands, hefur unnið að ESB-verkefnum tengdum samfélagsþróun á Austurlandi og veitt frumkvöðlum á Austurlandi þjónustu og ráðgjöf með sín fyrstu skref í viðskiptaheiminum. „Það er erfitt að rekja þá hluti sem við höfum komið að með einum eða öðrum hætti en það má nefna Hús Handanna og Þorpið en þar komum við að verkefninu með því að leiða saman hesta og hjálpa til með samvinnu hönnuða. Í augnablikinu erum við að vinna að álkplaverksmiðjunni á Seyðisfirði og vonandi í framhaldinu frekari vinnslu á áli. Við erum að vinna fyrir SSA tengt „austfírskei einingu“ og sinnum þar ráðgjöf og greiningarvinnu og að Evrópuverkefni sem

snýr að almenningssamgöngum á dreifbýlum svæðum en það verkefni höfum við verið að vinna náið að með Fjarðabyggð. Möguleikar á fjarvinnslutækifærum hér á svæðinu hafa verið kannaðir og við höfum einnig verið að kynna möguleika þessa svæðis í þeim efnum og það þarf að fylgja því máli eftir. Svo erum við að vinna að fjöldanum öllum af öðrum málum“ segir Haflíði.

Þróunarfélagið er rekstraraðili fyrir Vaxtarsamning Austurlands og í gegnum þann sjóð hafa sprottið upp mörg mjög öflug verkefni og ýmis spennandi verkefni eru í gangi sem hlotið hafa styrk úr sjóðnum en Haflíði segir að þörfin sé mun meiri. „Í úthlutuninni síðast var sótt um styrk upp á 55 milljónir en við gátum einungis veitt 12 milljónir. Þessi sjóður þyrfti að vera helmingi

meiri miðað við drifkraftinn í fólkinu hér. Atvinnuþróunarsjóður og Vaxtarsamningurinn eru einu tækin sem við getum notað til að aðstoða frumkvöðla hér á Austurlandi.“

Óvissa framundan

Hjá ÞFA starfa fjórir aðilar með starfsstöðvar á Egilsstöðum og Reyðarfirði. Samningur ÞFA við ríkið rann út um síðustu áramót en samningurinn var framlengdur um eitt ár. ÞFA er háð þjónustusamningi við ríkið en í gegnum hann kemur 21 milljón til félagsins. Haflíði segir að óvissa sé um það hvað gerist eftir áramót en hann á ekki von á öðru en að ÞFA haldi áfram en í hvaða mynd er hinsvegar spurningamerki en ætti að skýrast fljótlega því verið er að vinna að því að hefja viðræður við ríkið um framhaldið.

Fellabakarí opnar á ný

Í lok maí árið 2010 kviknaði í Fellabakarí út frá rafmagni á skrifstofu á efri hæð. Efri hæðin gjöreyðilagðist en verslun og pökkun urðu illa úti. „Til allrar lukku slapp vinnslusalur alveg við skemmdir fyrir utan söt og vatn“ segir Björgvin Kristjánsson en hann á og rekur nú Fellabakarí einn síns liðs.

„Fellabakarí er enn á sínum stað við Lagarfljótsbrúna en við uppbyggingu hins skemmda hluta voru gerðar miklar breytingar á verslun og pökkun. Búðin var endurhönnuð og má sitja í rólegheitum við gluggann og njóta útsýnis yfir fljótið til héraðs og upp til fjalla og heiða“ segir Björgvin.

Austurglugginn leit við í bakarið fyrir skemmstu en þar hefur myndast skemmtileg kaffihúsaðstæða í fallega innréttaðri búð með mjög skemmtilegt útsýni. Ekki skemmir fyrir að þar er hægt að njóta fjölbreytts vöruúrvals Fellabakarís en lystaukum hefur verið fjölgað talsvert. „Stefnan er að vera með smurt, súpu og jafnvel brauðrétti eða pítur í hádeginu en það er í þróun hjá okkur núna“ segir Björgvin og bætir því við að tekið er úr lás „kl: 6:30 þó formleg opnun sé ekki fyrr en 7:00 og við erum með opið til 17 á virkum dögum en 8 - 13 á laugardögum en á sunnudögum er lokað“.



Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar skaraði fram úr

Evrópusamkeppni meðal reyklausa 7. og 8. bekkja í skólum landsins er lokið í ár. Alls tóku 307 bekkir viðsvegar um landið þátt og bárust óvenju mörg vel unnin lokaverkefni að sögn Lýðheilsustöðvar. Forsvarsmenn samkeppninnar lýstu yfir hrifningu sinni á þeim metnaði sem krakkarnir sýndu um allt land. Keppnin var haldin í tólfta sinn hér á Íslandi.

Markmið samkeppninnar

- Að hvetja nemendur til að vera „frjálsa – reyklausa“ og byrja ekki að fíkta við reykingar.
- Að hvetja þá sem eru byrjaðir að fíkta til að hætta áður en þeir verða háðir nikótíni.
- Að hvetja til umræðna um reykingar meðal nemenda með það að leiðarljósi að þeir verði alltaf „frjálsir – reyklausir“.

Samkeppnin

Samkeppnin gengur út á það að fá nemendurnar til að gera sér grein fyrir kostum þess að reykja ekki – og ræða þá – og hvetja hvern annan til að halda áfram þátttöku í samkeppninni og styðja við bakið á þeim sem eru fallvaltir. Til að eiga möguleika á fyrstu verðlaunum, þurftu bekkirnir að senda inn áhugavert efni tengt tóbaksvörnum. Nánari útfærsla var ekki skilgreind til að þrengja ekki hugmyndir að verkefnum. Við gerð fjölda verkefna var leitað út fyrir skólastarfið og stuðlað að samvinnu, miðlun og öflun þekkingar um skaðsemi tóbaksnotkunar. Þriggja manna dómnefnd var skipuð og eftir mikla yfirlegu komst dómnefnd loks að niðurstöðu.



Fengu fyrstu verðlaun

Eins og áður segir tóku 307 bekkir þátt í samkeppninni í ár. Forsvarsmenn keppninnar voru yfir sig ánægðir með þau metnaðarfullu verkefni nemenda 7. og 8. bekkjar. Þrátt fyrir mörg mjög góð verkefni þótti einn skóli standa fram úr öðrum keppendum og það var Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar sem fékk í verðlaun ferð til Danmerkur.

Þátttaka Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar

Miðvikudaginn 13. apríl héldu nemendurnir upp á Reyklausa daginn á Fáskrúðsfirði. Dagurinn var haldinn að tilstuðlan og skipulagningu nemendanna. Í tilefni dagsins fengu allir nemendur í Grunnskóla



Fáskrúðsfjarðar fræðslu um skaðsemi reykinga, um fræðsluna sáu nemendurnir og Jóhanna S. Kristjánsdóttir hjúkrunarfræðingur.

Um kvöldið var svo haldin ráðstefna undir yfirskriftinni „Það er ekki töff að reykja“, sem opin var almenningi. Á ráðstefnunni var verkefnið kynnt, nemendur miðluðu fróðleik um skaðsemi

reykinga og ýmislegt tengt reykingum. Jóhanna fræddi gesti um reykingar og kynnti m.a. niðurstöður úr könnunum á notkun ungmenna á sigrettum og munntóbaki. Um 80 manns sóttu ráðstefnuna. Í lokin fluttu nemendur frumsamiðlag og afhentu fyrirtækjum og stofnunum handgerð skilti með slagorðum gegn reykingum.

Samhliða verkefninu söfnuðu nemendur peningum, 77 þúsund krónum, sem þeir afhentu Krabbameinsfélaginu til forvarnarstarfs. Upphæðin mun nýtast við gerð nýrrar fræðslumyndar um reykingatengda lungnasjúkdóma, sem Krabbameinsfélagið vinnur að ásamt Samtökum lungnasjúklinga. Sagt var frá þessari gjöf á aðalfundi Krabbameinsfélags Íslands í maí og þetta nefnt sem dæmi um skóla sem vinna vel að tóbaksvörnum.




Frá afhendingu söfnunarfjárins. Ragnheiður Haraldsdóttir forstjóri Krabbameinsfélags Íslands er lengst til hægri. Við hlið hennar er Álfheiður Hjaltadóttir formaður Krabbameinsfélags Austfjarða. Nemendurnir eru, frá hægri, Unnar Ari Hansson, Rebekka Aradóttir og Sigurbjörg Sigurðardóttir.

Nemendur hófu vinnu við að skipuleggja verkefnið í janúar og hafa ásamt umsjónarkennara lagt mikla vinnu í það, enda varð útkoman þeim til mikils sóma.



**Íbúar á veitusvæði
Hitaveitu Egilsstaða og Fella
greiða lágan húshitunarkostnað
Gerð verðsamanburð**



Ráðningarsamningar

Almenn skylda hvílir á vinnuveitendum og starfsmönnum að gera ráðningarsamninga sín á milli. Um ráðningarsamninga gilda almenn ákvæði samningaréttar og þeir eru því almennt ekki formbundnir. Það þýðir að ráðningarsamningar geta bæði verið munnlegir og skriflegir. Frá þessari reglu eru þó veigamiklar undantekningar í flestum stærstu kjarasamningunum. Í kjarasamningi AFLs Starfsgreinafélags, sem er stærsta stéttarfélag á Austurlandi, er ákvæði þess efnis að ef starfsmaður er ráðinn til lengri tíma en eins mánaðar og að meðaltali lengur en átta klukkustundir á viku skuli, eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að hann hefur störf, gerður skriflegur ráðningarsamningur. Sambærileg ákvæði er í mörgum öðrum kjarasamningum. Sá ráðningarsamningur sem er gerður verður að vera í samræmi við kjarasamning og ákvæði í ráðningarsamningi um lakari rétt starfsmanns eru ógild samkvæmt 1. gr. laga um starfskjör launafólks nr. 55/1980. Þannig er ekki hægt að semja um hvað sem er.

Fyrir utan þessa reglu kjarasamningsins gefur það augaleið að hafi verið gerður skriflegur ráðningarsamningur verður öll sönnun mun auðveldari en ef það hefur ekki verið gert. Á það ekki síst við ef verið er að semja um einhver afbrigði frá kjarasamningi, t.d. hærri laun en samkvæmt töxtum kjarasamninga, meira

orlof eða önnur fríðindi. Dómstólar hafa stundum látið vinnuveitanda bera hallann af því ef skriflegur ráðningarsamningur er ekki gerður og einhver vafi kemur upp, enda vinnuveitandinn almennt í yfirburðastöðu gagnvart starfsmanninum. Það er samt ekki einhlítt. Það sést m.a. af nýlegum dómi Héraðsdóms Austurlands frá 6. maí sl. Þar taldi starfsmaður að samið hefði verið um ákveðin mánaðarlaun en vinnuveitandi mótmælti því. Mat dómsins var að þótt lagt yrði til grundvallar að skylda hafi hvílt á vinnuveitanda á grundvelli kjarasamnings um að gera skriflegan ráðningarsamning yrði vanræksla á þeirri skyldu ekki talin leiða til þess að vinnuveitanda yrði fortakslaust gert að afsanna fullyrðingar starfsmanns um fjárhæð launakröfu sem er umfram það sem kjarasamningar kveða á um. Meira þyrfti að koma til. Starfsmanninum voru dæmd kjarasamningsbundin laun en ekki þau laun sem hann taldi sig hafa samið um. Þessi dómur staðfestir það hversu mikilvægt það er að starfsmenn gangi á eftir því að skriflegur ráðningarsamningur sé gerður eða séu a.m.k. meðvitaðir um þá áhættu sem er því samfara að gera það ekki.

Önnur hlið á þessu máli sem Héraðsdómur Austurlands fjallaði



Eva Dís Pálmadóttir

um var sú að sönnunarbyrði var látin hvíla á vinnuveitandanum um önnur atriði. Hann hafði haldið fram að starfsmaðurinn hefði bara verið ráðinn í íhlaupa-starf og ætti því aðeins rétt til lægri launa, hann hafi bara verið ráðinn til reynslu, ætti ekki rétt til uppsagnarfrests o.fl. Á þessi sjónarmið var ekki fallist, en vinnuveitandinn var ekki talinn hafa fært sönnur á þau. Það sýnir að það getur líka verið mikilvægt fyrir vinnuveitendur að ganga frá skriflegum ráðningarsamningi, telji hann sig vera að semja um slík atriði. Enda hagur beggja að hið rétta liggi fyrir.

Í kjarasamningum koma fram helstu atriði sem skal taka fram í ráðningarsamningum. Auk þess má finna stöðluð form ráðningarsamninga á heimasíðu Vinnumálastofnunar, hafi vinnuveitandi engin samningsdrög tiltek. Það á því að vera á allra færi að tryggja sér sönnun um umsamin ráðningarkjör með gerð ráðningarsamnings, helst um leið og gengið er frá ráðningu en aldrei síðar en við upphaf starfs. Þetta á við um ráðningu í öll störf og þ.á m. tímabundin störf eins og sumarstörf sem margir eru að hefja þessa dagana.

Höfundur er hæstaréttarlögmaður á Sókn lögmannsstofu.

Lausn við krossgátu úr síðasta blaði:

Lárétt

- 1 hvívetna
- 4 varna
- 7 umbrotinn
- 10 flotta tertan
- 12 auðs
- 13 staflar
- 15 netnál
- 16 aðfangadag
- 18 rúningur
- 20 gróðabralli
- 22 aftari
- 26 aurasál
- 27 smábarn
- 28 viðvik
- 29 reisluna
- 31 grandvar
- 32 sending
- 33 nýung
- 34 Una
- 35 kría

Lódrétt:

- 1 hörfa
- 2 vettlingi
- 3 tímatal
- 5 afundinn
- 6 nóbelshafa
- 8 orka
- 9 nágarnni
- 11 risið
- 14 fagra
- 15 nærfataverslun
- 16 arðbær
- 17 fagurskygg
- 19 grínaktugur
- 21 óðfluga
- 23 troðningar
- 24 kálfarnir
- 25 snúning
- 27 sóldögg
- 30 ansar

Hvernig metur maður gæði?

Frjáls verslun lét vinna fyrir sig úttekt á gæðum framhaldsskóla í vetur og niðurstaðan birtist í 3. tbl. ritsins 2011.

Því er ekki haldið fram að um vísindalega könnun sé að ræða heldur fyrst og fremst samantekt. Samantektin byggir á nokkrum þáttum: menntun kennara, aðsókn, fjölda nemenda í úrslitum í eftirfarandi keppnum framhaldsskólanna: stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, þýskupraut, franskrí ljóðaritun, enskrí ræðulist, Gettu betur, Morfis, Íþróttavakningunni, Söngkeppninni, forritun, tækniþraut, rafvirkjun, húsasmíði og málmsuðu.

Rannsakandinn líkir niðurstöðunni við tugþraut og segir að sigurvegarinn sé ekki sá sem æfir sig mest eða bætir sig mest heldur sá sem fær flest stig.

Það kemur einnig fram hjá rannsakanda að könnun sem þessi sé og eigi að vera umdeild því mat á gæðum skóla sé í raun og veru huglægt.

Hann spyr stóru spurningarinnar – er skóli sem skorar hæst í samræmdri könnun endilega með bestu kennsluna eða fékk hann einfaldlega bestu nemendurna til að byrja með?

Og hann segir jafnframt að það verði að hafa í huga að skólinn sem er bestur fyrir einn nemanda geti verið sá verstí fyrir annan. Því miður hafa vangaveltur rannsakandans ekki verið það sem ratað hefur í fjölmiðla, þar hefur fyrst og fremst einni samantektartöflu verið haldið á lofti.

Austurland kemur kannski ekkert sérstaklega vel út í þeirri töflu – en við vitum það að við búum langt frá helsta keppnisstaðnum svo við höfum ekki verið að leggja sérstaka áherslu á þátttöku í keppnum með tilheyrandi kostnaði við ferðir og uppihald.

En við búum við það ríkidæmi í

okkar fámenna fjórðungi að þar eru starfræktir þrír mismunandi framhaldsskólar, sem eiga það allir sameiginlegt að þeir leggja sérstakan metnað í að taka við öllum nemendum og þjónusta þá



Jónína Rós Guðmundsdóttir

af fagmennsku og dugnaði. Almennar brautir og starfsbrautir eru starfræktar með það að markmiði að kenna nemendum að finna leiðir til að ná árangri með fjölbreyttum aðferðum sem hjálpa þeim að komast framhjá hindrunum sínum og nýta

hæfni sína og getu. Fyrir vikið eru í þessum skólum frábær samsetning af alls konar ungmennum sem gerir mannaúðinn í skólunum enn meiri og nemendur læra tillitsemi og umburðarlyndi svona utan dagskrár. Samhlíða eru í öllum þessum skólum afburða nemendur sem ná einstökum árangri á ýmsum sviðum og ljúka námi sínu á mun styttri tíma en til

þess er ætlaður. Útskrifaðir nemendur þessara skóla eru að standa sig frábærlega á ýmsum sviðum þjóðlífsins með og án frekara náms. Auðvitað getum við alltaf gert enn betur og þann metnað efast ég ekki um að framhaldsskólarnir á Austurlandi hafi.

Það fólk sem stendur að framhaldsskólum á Austurlandi getur borið höfuðið hátt – það tekur við öllum sínum nemendum, finnur námsbraut við hæfi og leggur metnað sinn í að nemandinn læri mikið miðað við sínar forsendur og líði vel í skólanum – ef það eru ekki gæði – ja hvað eru þá gæði?

Jónína Rós Guðmundsdóttir, þingkona Samfylkingarinnar í NA – kjördæmi

FUNDIR OG MANNFAGNAÐIR

A.A. fundir Austurlandi
Fáskrúðsfjörður: Ráðhúskjallari
föstud. kl. 20:30.
Stöðvarfjörður: Þjónustusími: 848
0301 og 892 7635.
Egilsstaðir: Furuvellir 10
þriðjud. kl. 20:00 (spor), föstud.
kl. 20:00,
laugard. kl. 22:00, sunnud. kl. 20:00.
Þjónustusími 898 3910.
Eskifjörður: Kirkjumiðstöðin
laugardaga kl. 20:30.
Neskaupstaður: Mýrinni, Mýrargötu 8
þriðjud. kl. 20:30,
safnaðarheimilið föstudaga kl. 20:30.
Reyðarfjörður: Þriðjud. kl. 20:00
í safnaðarheimilinu.

AL-ANON fundir eru á mánudögum
kl. 20:00, Furuvöllum 10 á Egilsstöðum.
AL-ANON Eskifirði
fundir eru á miðvikudagskvöldum kl
20:00, Kirkjumiðstöðinni Eskifirði.

VIÐHALD S: 8947333



Nissan Patrol GR
Árg. 03, ek. 193 þús.
Ný dekk, driflæsingar.
Verð 2.490.000.-



Toyota Avensis S/D SOL
Árg. 2005, ek. 100 þús
Ný dekk.
Verð 1950.000.-



TEC TRB 410
Árg. 08, sólarsetla, ískápur.
Verð 1.990.000.-



Fagradsalsbraut 25
700 Egilsstöðum

471 3005 • 471 3008
www.b1.is

FLUTNINGAR

FLUTNINGAR

Mánudaga - þriðjudaga
Austurland-Reykjavík-Austurland
VFS
Héðinsgata 1-3
105 Reykjavík
Sími 533-2211

Fimmtudagar
Egilsstaðir-Vopnafjörður-Egilsstaðir



Lagarbraut 7 - 700 Egilsstaðir
Sími 471-1112
WWW.AUSTURFRAKT.IS
AUSTURFRAKT@AUSTURFRAKT.IS



Eimskip Austurland – Afgreiðslur:
Reyðarfjörður, Eskifjörður,
Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður,
Breiðdalsvík: 525 7973
Egilsstaðir: 525 7970
Neskaupstaður: 525 7974
Djúpivogur: 525 7966
Hornafjörður: 525 7978
Eimskip Mjóeyrarhöfn: 525 7960

MARKAÐUR



Miðás 7 · sími 471 3002
Opíð virka daga 10 - 18 - Laugard. 13 - 17



**Velkomin
til Akureyrar**
Akurinn
Gistiheimili
Brekkugötu 27a - Akureyri - Sími 461 2500
akurinn@akurinn.is - www.akurinn.is

HÁR & SNYRTING



Opíð virka daga 9:00 - 17:00



Dynskógar 4, Egilsstöðum
sími 471 1331
Opnum alla virka daga kl. 9

VEITINGAHÚS

Brekkan
Stöðvarfirði

Verslun, veitingar og gjafavara
Opíð mánudaga - fimmtud. kl.11-18
föstud. 11-21 og laugard. kl. 11-18
sunnudaga kl. 13-16, sími 475 8939



Búðargötu 4 Reyðarfirði · Sími 470 5555
Í PIZZUM ERUM VIÐ BETRI



Gistihúsið Egilsstöðum
www.egilsstadir.com · sími 471 1114
Hótelíð við Fljótið
Eldhúsið opið alla daga 12 til 21

GLERAUGU/ÚR/SKART



Gleraugnaþjónusta, gullsmíði & úrsmíði
Lagarás 8 - Egilsstaðir - s. 471 2020
Búðareyri 15 - Reyðarfjörður - s. 474 1234
Gsm 692-9990

ÞVOTTAHÚS



Opíð 7-12 og 13-17 · 474-1274

KIRKJUSTARF

Sunnudagurinn 29. maí
Egilsstaðakirkja:
Messa kl. 11:00. Aðalsafnaðarfundur í
safnaðarheimili eftir messu. Veitingar í boði
sóknarnefndar.

BIFREIÐAÞJÓNUSTA



Bílaverkstæði Austurlands
Bílaverkstæði/bílasala
Opíð mán.-fim. Kl. 8-18 - Fös kl. 8-17
Sími 470 5070



Réttingar og sprautun
Framrúðuskipti
Bílaleiga.
Opíð virka daga kl. 8-18



Smiðjusel 5 · Fellabæ
700 Egilsstaðir · s: 471 1696



Opíð mánud.-föstud. kl. 8-12 og 13-18
Lyngás 5 · 700 Egilsstaðir · sími 471 3113

BÍLA OG VÉLAVERSTÆÐI



Bíla- og vélaverkstæði
Rafverktakar- Rafeindapjónusta
Rafvélaþjónusta • 8:00 til 18:00

INNANSTOKKS



Miðási 9 · Egilsstaðir · Sími: 470-1600

TRYGGINGAR/ÖRYGGI

SJÓVÁ 440 2400

Sjóvá · Miðvangi 1 · 700 Egilsstöðum
Opíð 8:30 - 16:30 alla virka daga.

ÞRÓUNARFÉLAG AUSTURLANDS



Veistu hvað við getum gert fyrir þig?

Þróunarfélag Austurlands og Vaxtarsamningur Austurlands

Athugaðu málið á www.austur.is



VAXTARSAMNINGUR
AUSTURLANDS


Kreddur óstjórnar

Við ríkisstjórnarmyndun árið 2009 fengu Samfylking og VG tækifæri til þess að láta draum sinn um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu verða að veruleika. Þóðað var að nýtt og betra kerfi tæki gildi þann 1. september 2010. Það er hins vegar fyrst nú á vordögum 2011, eftir tveggja ára þref og þras, að kominn eru fram tvö frumvörp til breytinga. Þá ber svo við að enginn fagnar þessum áformum hinnar norrænu velferðarstjórnar Jóhönnu og Steingríms. Ekkert byggðarlag hefur ályktað um ágæti breytinganna, ekkert sjávarútvegsfyrirtæki, engin samtök sjómanna, ekkert verkályðsfélag.

Hvers vegna skyldi svo vera? Hefur ekki Samfylkingin verið boðberi réttlætisins í þessum efnun? Hvernig skyldi standa á því að ekki ríkir gríðarlegur fögnuður meðal þjóðarinnar yfir því að nú loksins, loksins, hafi litið dagsins ljós réttlæti vinstri manna við stjórn fiskveiða við Ísland? Það skyldi nú ekki vera að jarðsamband þeirra sem harðast hafa deilt á kerfið sé ekki meir en það að sá fámenni hópur sem niðir niður og agnúast út í alla þá sem vinna við útgerð hefur nú loksins opinberað skilningsleysi sitt á því hvernig verðmætin verða til í þessum mikilvæga atvinnurekstri. Staðreyndin er sú að þær breytingar sem ríkisstjórnin ætlar að ná fram, í bullandi ósætti við allt og alla, þar með talið sjálfa sig, eru ávísun á aukin afskipti stjórnmalamanna af íslenskum sjávarútvegi.

Nú verður tekin upp sú sama handstýring stjórnmalamanna sem stunduð var fyrir u.þ.b. 30 árum og kom þessari atvinnugrein á vonarvöl. Flotinn var orðinn alltof stór og afkastamikill miðað við heildaröfla, fiskvinnslustöðvar of margar, og taprekstur kallaði á sífelldar

gengisfellingar á kostnað almennings og fyrirtækja. Lykillinn að skynsamlegri nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar og arðsemi greinarinnar var því miður óhjákvæmileg fækkun fiskiskipa, vinnslustöðva og aukin tæknivæðing og fækkun starfa við veiðar og vinnslu. Því fylgdu gríðarlega miklar og sársaukafullar breytingar að laga sjávarútveg landsins að því hámarki sem veiða mátti ár hvert úr fiskistofnum þjóðarinnar. Engu að síður voru þetta nauðsynlegar breytingar í öllum meginatriðum. Því miður hafa einstaka stjórnmalaflokkar, en Samfylkingin hefur gengið hvað lengst í þeim efnun, og reynt að nýta sér það ástand sem þetta skapaði með pólitískri tækifærismennsku. Sá flokkur hefur löngum alið á innihaldslausum frósum um nauðsyn breytinga á fiskveiðistjórnunarkerfinu án þess að leggja fram útfærðar tillögur sem standast skoðun. Þess ber að geta að frá því þetta kerfi var sett á hafa verið gerðar á því um 200 breytingar og flestar til þess eins að draga úr hagkvæmni greinarinnar. Flestar hafa verið gerðar í þeim tilgangi að þjóna duttlungum stjórnmalaafla sem séð hafa sér hag í því að þjóna einhverjum tilteknum sérhagsmunum. Reynt er að pakka boðuðum breytingum hinnar norrænu velferðarstjórnar á fiskveiðistjórnunarkerfinu inn í fagurgala um réttlæti og jöfnuð. Af því tilefni má spyrja lesendur Austurgluggans eftirfarandi spurninga:



Kristján Þór Júlíusson

Hvaða réttlæti er fólgið í því að aflaheimildir austfirskra útgerða verði skornar niður og færðar ýmist til fyrirtækja í öðrum landshluta eða ráðstöfunar hjá ráðherra?

Hvaða jöfnuður er fólgin í því að starfsfólk, sem unnið hefur alla tíð við fiskvinnslu t.d. á Þórshöfn þurfi að sæta skerðingu á atvinnu og lífsafkomu svo eitthvert fólk einhversstaðar annarsstaðar á landinu eigi þess kost að vinna í fiski? Hvað réttlæti er í því að breyta fiskveiðistjórnunarkerfinu með þeim hætti að sjómenn, fiskvinnslufólk,

útgerðarmenn og iðnaðarmenn á Austurlandi þurfi að missa atvinnu eða tapa tekjum svo stjórnvöld hverju sinni geti fjölgað störfum á öðrum svæðum landsins og bætt afkomu fólks þar? Hvaða réttlæti er í því fólgið fyrir Austfirðinga að knúðar verði í gegn svo illa grundaðar breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu að ógerlegt er að átta sig á áhrifum væntanlegra breytinga á afkomu fjölskyldna, sem eiga allt sitt undir stöðugri atvinnu í sjávarútvegi? Það sem boðaðar breytingar hafa þegar haft í för með sér er það eitt að óvissan um sjávarútveginn hefur aukist. Fyrir liggur mat þeirra sem best til þekkja að draga muni úr hagkvæmni helstu atvinnugreinar landsins. Breytingarnar munu óhjákvæmilega setja veikburða byggð víða um land í þá stöðu að þau heimili sem eiga allt sitt undir að atvinnulífið í heimabyggð gangi vel vita ekki hvað tekur við. Stjórnsýslan í Reykjavík styrkist hins vegar til muna og kaffihúsamenningin í höfuðborginni mun blómstra sem aldrei fyrr. Væri nú ekki ráð að Austfirðingar berji í borðið og láti ekki kreddur óstjórnar veikja stöðir byggðar í fjórðungnum enn frekar?

Kristján Þór Júlíusson, þingmaður sjálfstæðisflokksins í NA kjördæmi

Spurning vikunnar

Hvað finnst þér um brotthvarf Ólafs úr stóli bæjarstjóra? Spurt á Seyðisfirði



Hilmar Eyjólfsson
Þetta er ekki gott, maður veit ekkert hvað kemur í staðinn.



Garðar Eymundsson
Mér finnst það hið besta mál. Hann átti aldrei að fá þetta starf til að byrja með.



Sigríður Heiðdal
Ég kem til með að sakna hans og vona að hann komi til með að búa hér áfram. En það er gott að fá nýtt blóð.



Jón Ólafsson
Þetta er slæmt mál.



Þórhallur Jónasson, Hallgrímur Einarsson og Sigríður Fanný
Það er slæmt að missa góðan mann.

Forsala hafin

Forsala er hafin fyrir Bræðsluhátíðina á Borgarfirði sem hefst 23. júlí nk. Hátíðin hefur styrkt sig í sessi sem ein af merkustu tónlistarviðburðum Íslands ár hvert. Í gegnum tíðina hafa komið fram á Bræðslunni Emiliana Torrini, Damien Rice, Belle & Sebastian, Magni, Fanfarlo, Lay Low, Þursaflokkurinn, Megas og Senubjófarnir, Páll Óskar og Monika, Eivör Pálsdóttir, KK og Ellen svo fáein séu nefnd.

Samkvæmt upplýsingum af heimasíðu hátíðarinnar koma að jafnaði rúmlega 1.000 manns á Borgarfjörð eystri um Bræðsluhelgina en það verður að teljast ágætis viðbót við íbúafjöldann sem telur um 140 manns. Tónlistarhátíðin Bræðslan dregur nafn sitt af samnefndri síldarbræðslu þar sem tónleikar hátíðarinnar fara fram að laugardagskveldi.

Í ár koma fram á hátíðinni írski Óskarsverðlaunahafinn Glen Hansard, hinir margrómuðu Hjálmar,

hamingjuboltinn Jónas Sigurðsson ásamt hljómsveit sinni Ritvélum framtíðarinnar, austfirsku gleðirokkararnir í Vax og trúbadorinn geðþekki Svavar Knútur.

Forsala á Bræðsluna hófst fimmtudaginn 19. maí á midi.is og afgreiðslustöðum mida.is og er vert að taka fram að síðustu ár hefur selst upp á Bræðsluna í forsölu enda aðeins 800 aðgöngumiðar í boði í forsölu.

Kristborg
Bóel



Hugleiðing

Öfugsnúna Ísland

Ég hef alltaf lesið mikið fyrir börnin mín og gæti því fyllt þennan pistil með því aðeins að telja upp okkar eftirlætis höfunda og bókatitla. Þó svo hnausþykkir doðrantar ráði nú ríkjum man ég eftir einni bók sem var í miklu eftirlæti á þeirra yngri árum - Hr. Öfugsnúinn. Bókin fjallar um lítinn, skrýtinn karl og tilveru hans sem öll er öfugsnúin og alls ekki eins og hún ætti að vera. Þó svo að sagan sé aðeins þverstæðukennt ævintýri líður mér stundum eins og ég búi í veröld Herra Öfugsnúins.

Mér finnst öfugsnúið að það sé ekkert tiltökumál að eyða þúsundum milljóna í að byggja tónlistarhús í Reykjavík á sama tíma og niðurskurðarhnífurinn er á lofti í hornsteinum þjóðfélagsins, heilbrigðiskerfinu og skólakerfi barnanna okkar.

Öfugsnúast af öllu finnst mér þó sagan af vinkonu minni og langar mig að deila henni með ykkur, en þið þekkið því miður líklega mýmörg sambærileg dæmi.

Vinkona mín er einstæð móðir, eins og svo margar ungar konur á Íslandi í dag. Hún hefur ekki mikið fé milli handanna og þarf að horfa í hverja einustu krónu sem út af kortinu fer. Hún er þó heppin að hafa vinnu hjá öruggum og góðum vinnuveitanda sem ekki er sjálfgefið þessi misserin í okkar öfugsnúna heimi. Gladdist vinkona mín mikið fyrir síðustu jól þegar vinnuveitandi hennar tilkynnti henni að fyrir góða frammistöðu í starfi fengi hún greiddan 200.000 króna bónus. Í okkar öfugsnúna heimi færir þessi bónus aðeins 120.000 í vasann, en sú upphæð skipti þó sköpum fyrir hana sem sá með því fram á að geta veitt börnum sínum sómasamlega jólahátíð. Fékk hún þó ekki að njóta gleðinnar lengi því fljótlega eftir áramót barst henni bréf frá sveitafélaginu. Í því var kunngjört að hún hefði farið yfir tekjumörk á árinu og þar af leiðandi yrðu húsaleigubætur hennar felldar niður, en þær höfðu verið rúmar fjórtán þúsund krónur á mánuði. Sem sagt, 200.000 króna bónusinn sem gaf 120.000 í aðra hönd kostuðu hana 170.000 krónur þegar upp var staðið. Af hverju er þetta allt saman svona fáránlegt? Mér finnst öfugsnúna Ísland ekki eins og það ætti að vera. En ykkur?

Sérdeildin sigraði í Bólholtsbikarnum

Keppni í Bólholtsbikarnum, utandeildakeppni í körfuknattleik, var haldin í fyrsta sinn í vetur. Keppnin er haldin á sambandsvæði Ungmenna- og íþróttasambands Austurlands (UÍA). Sex lið tóku þátt í keppninni. Það var lið Sérdeildarinnar, skipað eldri Hattarmönnum, sem fagnaði sigri í þessari fyrstu bikarkeppni UÍA og Bólholts í körfuknattleik eftir 54-53 sigur á Ásinum í úrslitaleik á sunnudag. Fjögur lið tóku þátt í úrslitakeppninni sem fram fór í Íþróttamiðstöðinni á Egilsstöðum.

Dagurinn hófst á fyrri undanúrslitaleiknum þar sem 10. flokkur Hattar, sem lengst af var efstur í deildakeppninni, mætti Sérdeildinni. Lykilmenn vantaði í lið 10. flokks og það nýtti Sérdeildin sér, hafði undirtökin allan tímann og vann 41-66.

Í hinum undanúrslitaleiknum mættust Austri og Ásinn. Ásinn hafði þar undirtökin framan af en Eskfirðingar hleyptu Norður-Héraðsmönnum aldrei langt frá sér og komust yfir í þriðja leikhlutu, 41-40. Ásinn náði hins vegar að snúa við taflinu og vann 50-59.

Eftir hádegi var leikið um verðlaunasæti en fyrst mættust 10. flokkur og Austri í leik um þriðja sætið. Sá leikur varð alger sýning á hæfileikum Nökkva Jarls Óskarssonar úr 10. flokki og Baldurs M. Einarssonar úr Austri en Nökkvi skoraði 32 stig í leiknum og Baldur 30. Eskfirðingar höfðu undirtökin samt allan leikinn og unnu að lokum 65-86.

Úrslitaleikur Sérdeildarinnar og Ássins stóð undir nafni sem aðalleikur dagsins. Sérdeildin var reyndar yfir nær allan tímann en Ásinn var aldrei langt undan.



Lið Sérdeildarinnar með Bólholtsbikarinn.

Mikil spennan var á lokasekúndunum þegar munurinn var aðeins 1-2 stig. Ásinn jafnaði í 53-53 af vítalínunni þegar sjö sekúndur voru eftir. Þeir brutu hins vegar klaufalega af sér og Magnús Jónsson skoraði sigurkórfa Sérdeildarinnar af vítalínunni, 54-53. Halldór Leifsson var atkvæðamestur leikmanna Sérdeildarinnar í úrslitaleiknum með 14 stig en Magnús Jónsson skoraði þrettán. Hinum megin voru það Benedikt Guðgeirsson Hjarðar og Sigmar Hákonarson sem báðir skoruðu 18 stig. Benedikt varð stigahæsti maður mótsins með alls 260 stig og fékk viðurkenningu fyrir það á sama tíma og leikmenn Sérdeildarinnar lyftu Bólholtsbikarnum á loft í fyrsta sinn.



Uppskeruhátíð SKÍS

Skíðafélagið í Stafdal er komið í sumarfrí. Vetrinum lauk með góðri ferð á Andrésar andar leikana á Akureyri og uppskeruhátíð á Seyðisfirði.

Á Andrésar andar leikana mættu 38 skíðaiðkendur frá SKÍS. Komu þeir heim með samtals 9 verðlaun, þar af tvenn silfurverðlaun og tvenn bronsverðlaun og er það besti árangur SKÍS hingað til. Góður andi var í hópnum alla dagana og stemmningin góð.

Uppskeruhátíð SKÍS var svo haldin á Seyðisfirði í blíðskaparveðri þann 15. maí. Vel var mætt og skemmtu krakkarnir sér vel í leiktækjunum á leikskólanum og í leikjum á túninu utan við leikskólann. Allir í krílaskólanum og yngsta iðkendahóp fengu viðurkenningarpening fyrir veturinn, enda stóðu krakkarnir í þessum hópum sig með stakri þrýði í allan vetur og voru framfarir mjög miklar hjá öllum.

Í eldri hópum voru veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í vetur:

Besta ástundun 8-10 ára
Mestu framfarir 8-10 ára
Efnilegust 8-10 ára
Besta ástundun 11 ára og eldri
Mestu framfarir 11 ára og eldri
Efnilegastur 11 ára og eldri
Gullhjálmurinn - skíðamaður ársins 2011

Embla Rán Baldursdóttir
Bjartmar Pálmi Björgvinsson
Elísa Maren Ragnarsdóttir
Fjölur Prastarson
Eggert Már Eggertsson
Aron Steinn Halldórsson
Eiríkur Elísson